

Alþingi
Erindi nr. P 128/151
komudagur 20.11.2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefndar
Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 20.11.2002

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál, heildarlög.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki. Með frumvarpinu er stefnt að því að setja í fyrsta skipti heildarlög um fjármálastofnanir, sem eru skv. frumvarpinu *viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlanir og rekstarfélög verðbréfasjóða*. Hugtakið fjármálafyrirtæki er nýtt hugtak í íslenski löggjöf og þau fjármálafyrirtæki sem löggin munu taka til eru talin upp á bls. 51. frumvarpinu.

Þótt frumvarpinu sé þannig ætlað, ef að lögum verður, að setja regluramma um starfsemi framangreindra fjármálafyrirtækja, vakna spurningar um hvort tilgreining frumvarpsins á leyfisskyldri starfsemi (sbr. 3. gr.) geti náð til annarra fyrirtækja sem stunda ýmsa fjármálafyrirgreiðslu í tengslum við sína aðalstarfsemi. Gæta þarf vel að því að þessi lagasetning hafi ekki ófyrirséð áhrif á slíka atvinnustarfsemi, enda hefur ekkert verið um málið fjallað á þeim forsendum. Dæmi um þetta kynnu að vera íslensk olíufélög, sem selja viðskiptavinum sínum m.a. afleiðusamninga og veita þeim lánaþyrirgreiðslu.

Markmið frumvarpsins er m.a. að innleiða fjölda EES tillskipanir á fjármálasviði eins og nánar er lýst á bls. 48 í frumvarpinu. Frumvarpið felur einnig í sér að verkskiptingu milli stjórnvalda verður breytt og mun Fjármálaeftirlitið fá vald til útgáfu og afturköllunar starfsleyfa og einnig til setningar ýmissa reglna skv. frumvarpinu.

Að mati SA orkar það tvímælis að fela opinberri eftirstofnun, Fjármálaeftirlitinu, vald til að setja bindandi reglur á því sviði sem hún hafa einnig að hafa eftirlit með. Allt öðru máli gegnir um *leiðbeinandi reglur* á fjármálasviði. Að mati SA felast í því hættur að opinberar eftirlitsstofnanir geti sjálfar sett *eftirlitsreglur* án þess að viðkomandi ráðuneyti/ráðherra beri á reglunum stjórnskipulega ábyrgð. Nauðsynlegt er því að ákvæði opinberra eftirlitsreglna séu a.m.k. *endurskoðaðar* innan *ákveðins tímafrest*. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitreglur skulu *eftirlitsreglur hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði*. Hámarksgildistími eftirlitsreglna eða hámarkstímabil endurskoðunarákvæða þeirra skal vera *fimm ár*.



Ljóst er af athugasemdum með frumvarpinu á bls. 44 að ákvæði kaflans um sparisjóði voru endursamin að hluta til af undirhópi, sem skipaður var að frumkvæði viðskiptaráðherra í ágúst 2002. Fulltrúar viðskiptabanka í bankalaganefndinni eru andvígir tillögum undirhópsins en fulltrúar sparisjóða eru þeim meðmæltir. Ljóst er að ákvæði frumvarpsins um sparisjóði munu eyða þeirri réttaróvissu sem stofnaðist vegna yfirtökutilboðs Búnaðarbanka í stofnfjárbréf SPRON sl. sumar. Það er hins vegar álitamál hvort tillögurnar gangi ekki einum of langt í því takmarka yfirtökutilboð og muni hindra nauðsynlega framþróun og sameiningu fjármálafyrirtækja á íslenskum fjármálamarkaði, þar sem smæð og fjöldi fjármálafyrirtækja er of mikill í alþjóðlegum samanburði.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald framkvæmdastjóri